

R E G L U G E R ð

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

6. gr., b-staflidur, III-tölulidur orðist svo:

Medazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 300 mg. (Dæmi: Nobrium 5 mg 60 hylki, 10 mg 30 hylki).

2. gr.

Eftirfarandi viðbóta verður við Viðauka 1 við reglugerðina (undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Tetrachloroathylenum	Eur.	Ekki yfir 200 ml	
Trichloroathylerium	INN	Ekki yfir 100 ml	

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

S A M P Y K K T

um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar-eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald, svonefnt A- gjald, til Kópavogskaupstaðar. Gjaldi þessu skal varið til greiðslu kostnaðar við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þær framkvæmdir sbr. 2. gr. laga nr. 51/1974.

2. gr.

Sem A- gjald, sbr. 1. gr., greiðist af hverjum rúmmetra húss ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

1. Einbýlishús allt að 600 m ³	9%
2. Sama umfram 600 m ³	12%
3. Raðhús og parhús	6%
4. Tvíbýlishús (þríbýlishús)	6%